

**Aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs.  
haldinn 17. janúar 2012, kl. 14:00 að Austurvegi 56.**

**Mætt:**

Gunnar Örn Marteinsson Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ágúst Ingi Ólafsson Sorpstöð Rangárvallasýslu, Gunnar Þorgeirsson Grímsnes- og Grafningshreppi, Drífa Kristjánsdóttir, Bláskógabyggð, Valtýr Valtýsson, Jón G. Valgeirsson Hrunamannahreppi, Margrét Sigurðardóttir Flóahreppi, Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerði, Ólafur Örn Ólafsson Sveitarfélaginu Ölfusi, Eyþór Arnalds Árborg, Ari Thorarensen, Gunnar Egilsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson Sorpstöð Suðurlands.

Stjórnarformaður Gunnar Egilsson setti fund kl 14:00. Að tillögu hans var Guðmundur Tryggvi skipaður fundarritari. Var síðan gengið til dagskrár.

**1. Tillaga um kaup á viðbótarhlutafé í Orkugerðinni ehf.**

Guðmundur Tryggvi Ólafsson skýrði frá málefnum Orkugerðarinnar, rakti þær umræður sem verið hafa í stjórn Sorpstöðvar um málið og lagði því næst fram eftirfarandi tillögu frá stjórninni:

*“Félagsfundur samþykkir samhljóða að veita stjórn heimild til að ganga frá kaupum á allt að 3.410.000 króna viðbótarhlutafé í Orkugerðinni ehf.”*

*Aukaaðalfundur samþykkir framlagða tillögu og leggur áherslu á að gert verði hluthafasamkomulag sem tryggi að tekjur standi undir gjöldum og skili ásættanlegum arði á hverjum tíma.*

*Hlutaafjárkaupin skulu fjármögnuð af peningalegri eign Sorpstöðvar Suðurlands bs.*

Guðmundur svaraði þeim spurningum sem fram komu.

Formaður þakkaði góðan fund og málefnalegar umræður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20